



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 461

Einar Þorsteinn Ásgeirsson

(f. 1942)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 461

Einar Þorsteinn Ásgeirsson

hönnuður

Einar Þorsteinn Ásgeirsson er fæddur 17. júní 1942.

Foreldrar Einars voru þau Kirstín Lára Sigurbjörnsdóttir (1913-2005) handavinnukennari og hóteltjóri og Ásgeir Ó. Einarsson (1906-1998) héraðsdýralæknir í Reykjavík (sjá einkaskjalasafn nr. 354). Systkini hans eru þau Guðrún Lára (1940, sjá einkaskjalasafn nr. 383), Sigrún Valgerður (1944), Þórdís (1948) og Áslaug Kirstín (1952).

(Heimild: Guðrún Lára Ásgeirsdóttir, einkaskjalasafn nr. 383).

Hann lauk námi í arkitektúr við Tækniháskólann í Hannover í Þýskalandi árið 1969 og stundaði framhaldsnám og störf hjá arkitektinum Frei Otto í Stuttgart 1969 til 1972. Hjá honum vann Einar meðal annars að hönnun léttþaka og fleiri bygginga ólympíuþorpsins í München. Einar fluttist til Íslands árið 1972 og hóf rekstur Tilraunastofu burðarforma, sem sérhæði sig í þróun tjaldbygginga og hvolfbbygginga við íslenskar aðstæður. Í samvinnu við Seglagerðina Ægi hannaði hann hátíðartjöld fyrir merka viðburði í íslensku þjóðlífi, svo sem 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974, afmæli Reykjavíkur 1986 og 50 ára lýðveldishátíð á Þingvöllum 1994. Á áttunda og níunda áratugnum vann hann ötullega að því að opna augu samlanda sinna fyrir nýrri hugsun í húsagerð og skipulagi. Hann ritaði fjölda greina í blöð og tímarit um hugmyndir sínar og fékk einn merkasta hugsuð í byggingarlist 20. aldar, R. Buckminster Fuller, til að halda fyrirlestra hér á landi 1975 og 1979. Þá var Einar einna fyrstur til að vekja máls á vistvænni hugsun í byggingarmálum og skipulagi. Hugmyndir Einars þóttu nýstárlegar, voru umdeildar og fengu almennt lítinn hljómgrunn hér á landi á þeim tíma. Kunnastur er Einar án vafa fyrir hönnun kúluhúsa til íbúðar og fleiri nota, sem meðal annars risu á Ísafirði, við Helli, Kópasker og í Hafnarfirði.

Frá því um miðjan sjöunda áratuginn hefur Einar stundað rannsóknir á rúmfræðilegum eiginleikum fimmfaldrar samhverfu. Í leit sinni að nýrri þekkingu hefur hann víða leitað fanga og átt samstarf við merka hugsuði, svo sem bandaríska vísindamanninn og Nóbelsverðlaunahafann Linus Pauling og R. Buckminster Fuller. Sá síðarnefndi veitti Einari mikilvæga hvatningu og ritaði formála að bók hans, *Barnaleikur*, sem út kom árið 1977. Frá árinu 2000 hefur Einar verið búsettur í Berlín þar sem hann hefur einbeitt sér að skrifum og rannsóknum á þrívídd. Hann hefur unnið að mörgum verkefnum með myndlistarmanninum Ólafi Elíassyni og eiga þeir að baki langt og farsælt samstarf sem hófst á Íslandi í tengslum við sýningu Ólafs á Kjarvalsstöðum árið 1998. Ólafur notar gullinfang Einars sem

grunneiningu í glerhjúpsverki sínu á tónlistarhúsinu Hörpu. Auk samstarfs við Ólaf hefur Einar á síðari árum unnið fyrir Peter Lassen eiganda Montana húsgagnafyrirtækisins í Danmörku. Frá árinu 2003 hefur Einar sýnt eigin myndlist byggða á stærðfræði víða í Evrópu, einkum þó Danmörku.

(Heimild: Hafnarborg: Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, sýningin *Hugvít* 07. maí til 14. ágúst 2011).

Afhending: Einar Þorsteinn Ásgeirsson afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur teikningasafnið 2. september 2011.

Tímabil: 1970-1999.

Innihald: Teikningar, verkefnalýsingar, ljósmyndir o.fl.

Skjalaskrá

Mappa A-1

Á henni stendur: *Orginal Frequency Sheet*, 1977-1997.

Teikningar af kúluhúsum, snið af bókstöfum og tölustöfum, plaköt, kort o.fl., 1995-1997.

Ýmsar ljósmyndir af landslagi, húsum og fólki.

Mappa 1: Biorythm originals (sjá einnig möppu 2) 20. desember 1983.

Mappa 2: Módel- originalar 1994.

Rauð mappa: Minningargrein um frú Guðrúnu Lárusdóttur 1980, sýningarskrá frá sýningu ADEM YLIMAZ 1977, myndir og teikningar af kúluhúsum, teikningar og ljósmyndir o.fl.

Mappa A-2

Á henni stendur: *Kúluhús kópíur*, 1982-1995.

Teikningar.

Mappa A-3

Á henni stendur: *KGB- OLD*, 1996.

Teikningar af kúluhúsum, KGB-Building manual.

Mappa A-4

Á henni stendur: *2 samkeppnir 1994, IKEA + Nagoya. Dome it yourself. Solthird.*

Teikningar, verkefnalýsingar o.fl.

Mappa A-5

Á henni stendur: *Frá 1973 1. CL-VERK*, 1974-1999.

Teikningar af: Biðskýli 1980. Kjaftastóll. German Cabbage. Hús Guðna. Kjarvalsstaðakúla 1979.

Kosmitísk hlutföll. Snið á Korpuhús- horticulture Korpa 1977. Ál í kúlueiningu. Sæplasts leikfang. Snið

HP-segl. Tjald á Sogavegi 77. Trönuturn. 3D mælitæki. Fíber glerkúla, LA 1974. Tjaldþak

Akureyrarsundlaug 1975. Heimagerð gróðurhús. Teikningar fyrir sýningu 1975. Hvolfdæling.

Mæliteikning tjald. Skriður Hornafjörður. Brotaverkshlutföll. Kúluhús úr skóla. HP stór gróðurhús.

Kjarvalsstaðir 1986. Lýðveldishátíð 1974-1994. Markaðstjald (220) 1994. Tjaldgöng 1995.

Tjaldkúluskýli. Álafossvegur 16 1999 o.fl.

Mappa A-6

Á henni stendur: 2.

Nátthagi í Ölfusi og ýmsar teikningar af kúluhúsum og bílskúr, án árs.

Mappa A-7

Á henni stendur: 3. *Hús*, 1974-1996.

Teikningar af Húsi verslunarinnar 1974, Fálkagötu 18A 1981, Klappastíg 38 1992-1993, Brekkustíg 19 1991, Grettisgötu 16 1994, Flókagötu 1, Svarta húsið Stykkishólmi 1996, teikningar fyrir Krossinn Auðbrekku 21 1990-1994 o.fl.

Mappa A-8

Á henni stendur: 4. *Gamalt*. 1974-1995.

Mappa: Ýmsar módelteikningar 1995.

Mappa: DK-domes: Domes kopiur, ýmsar teikningar, 1986-1991.

Mappa: Ýmislegt, líklega í kringum 1997.

Mappa: Handmenntaskólinn, danskt prógram, líklega um 1990.

Mappa: Blaðaúrklippur vegna kosninga í Reykjavík 1974-1975 (Einar Þorsteinn Ásgeirsson í framboði fyrir jafnaðarmenn í borgarstjórnarkosningum).

Mappa: SOL í ARK + rekaviðskort o.fl., líklega í kringum 1987.

Mappa A-9

Á henni stendur: *Hvolfþök- Dómhús 0-15 og system, Stöðvarfjörður, VE, sumarhús, Hafnir, Tarnís, trefjar, gamalt*. 1970-1995. Fremst í möppunni er listi yfir hvað er í möppum 0-26.

0 Í vinnslu.

Teikningar. Tennis vault 1995, bílskýli 1993, DOME 1988, Perluhvammur 1997, Fitjakot á Kjalarnesi 1970,

1 Pa patterns. Teikningar án árs.

2 USA projects (engin gögn eru í þessari möppu).

3 Domas,

Ýmsar teikningar án árs.

4 Ís- lákúlur (engin gögn eru í þessari möppu).

5 Hvammur (engin gögn eru í þessari möppu).

6 Plasthús (engin gögn eru í þessari möppu).

7 2FQ + gamalt (engin gögn eru í þessari möppu).

8 VE- Japan (engin gögn eru í þessari möppu).

9 Brekkubær. Teikningar. Búðarstígur 3 Hellnum 1995, Steinar og Rósý 1995, deiliskipulag Brekkubæ Hellnum 1995 o.fl.

10 Lágkúlur Ísafjörður 5. Teikningar. Íbúð, gróðurhús og garðbýlishús 1986, Kúluhús Ingu Birnu 1988, garðbýlishús og íbúðarhús í Súðavík 1987, HMI & TB 1984, stúdíó Kjalarnesi 1989, garðbýli Glæsibæjarhrepp 1988, Dome á Ísafirði 1985, íbúðir og gróðrarstöðvar, Bornholm Bidoome 1988, gryfjuhús 1984, hús á Stöðvarfirði 1984, turist center Grønland 1986, Lambhagi 13 1984.

11 Grafarvogur I, II, III, Plasthús. Teikningar. Radarskýli og gróðurhús 1982, Trefjar h/f plast smáhýsi 1986-1988 og 1994-1995, Snack-Dome 1995, göngumannaskýli 1983, Kröfluveita skýli yfir borholur 1980, „sumar í sveit“ miðstöð fyrir svefnpokapláss 1984.

12 Hof. Teikningar. Íbúðarhús að Hofi í Vatnsdal, 1989.

13 Hella stórkúllur. Teikningar. Íbúðar- og gróðurhús á Hellu 1992-1994, sumarhús og garður á Kópaskeri 1987 og 1991.

14 Spaceflower (engin gögn eru í þessari möppu).

15 A-Z. Teikningar. Lóðarumsóknir 1984, operation room 1984, Leirutangi í Mosfellsbæ 1985, hús á Álftanesi 1984, hús á Húsfelli 1985, bílasala Guðfinns 1984, Alifuglahús 1984, veitinga- og gistihús Reyðarfirði 1978, veitinga- og gróðurhús Súgandafirði, flugskýli 1983.

Mappa A-10

Á henni stendur: 16-26. 1977-1996.

16 Domas- US projects- Tjaldkúla. Teikningar: ATUMA 1995, KGB + USA+ DOMAS- vs projects tjaldkúla, sýningarskáli í Atlanta o.fl.

17 BSHB.

BSHB (Byggingarsamvinnufélag hvolfpaksbyggjenda) 1985, Fannafold 147 1985.

18 Spaceflower. Teikningar af „greenhouse for the garden“, 1984.

19 Gróðurhús. Teikningar af gróðurhúsum 1977-1986.

20 Sumarhús (kúluhús). Teikningar. Sumarhús í landi Mórastaða í Kjós 1992, sumarhús tengd píramíta úr gleri 1990, sumarhús fyrir bændastéttina til útleigu 1990, sumarhús- torf kúluhús 1982, sumarhús hvolf 1980, sumarhús við Apavatn 1984, sumarhús „do it yourself“ 1985, jarðhús 1982, sumarhús 4-D 1983, Nesvegur 54 1995, Sælukot-hjúpur 1992, tillaga að bráðabirgða byggingu fyrir Seglagerðina Ægir 1996. Eden Hveragerði 1984, Fljótalax 1985-1986, Grynebækken Økologsk Institut 1988, verslun F&A 1993.

22 Archiv. Teikningar, hesthús að Hólum 1992, tilraunastofa 1988, íbúðarhús og verkstæði 1980, hús Ingu Birnu 1982, Fannafold 67 1984.

23 Grafarvogur I II III. Teikningar 1982-1985.

25 Teikningar, 1980-1984. Sólvangur í Höfnum 1980-1982, Rafeind,- verslunar og íbúðarhús 1982-1983, Lyngberg 15 Hafnarfirði 1985, Húsatóftir Skeiðum 1982, Lágafell 4 Fellabæ 1982.

26 Visthverfi (gamalt). Gunnarshólmi, „Grænt skipulag“, „Náttúruhús“, 1990.

27 Danmark 1988-92 (vantar möppu nr. 27).

Mappa A-11

Á henni stendur: *Geometría*. Ýmsar geometrískar teikningar, án árs.

Mappa A-12

Á henni stendur: *Magnús Pálsson = Listaverk. How to Draw Geodesic. Líklega 1993 og 1999.*

Mappa A-13

Á henni stendur: *Thorstein*. 1970-1983. Viðtal við Einar Þorstein Ásgeirsson o.fl. vegna stofnunar Handmenntaskóla Íslands, í *Vikunni* nr. 16, 27. tbl., umsókn um skólavist í Handmenntaskólanum, ljósmyndir af Einari Þorsteini Ásgeirssyni, auglýsingarbæklingur frá *International Toy Fair* í Nürnberg 1980 o.fl.

Íslensk hvolfþök 1973-1983, sýning Einars Þorsteins Ásgeirssonar hönnuðar 29. apríl til 2. maí 1983, auglýsing. *Gríllurnar*, teikningar, án árs. *Pældímér*. Stjórnumerkin, teikningar og texti, án árs. Ýmsar teikningar og plaköt

Einar Þorsteinn Ásgeirsson. *Kassakúlan*, barnaleikur, án árs.

R. Buckminster Fuller á Íslandi, fyrirlestur, september 1975 og júní 1977, auglýsingarplaköt og teikningar.

Ljósmynd og teikningar af Einari Þorsteini Ásgeirssyni og fjölskyldu, án árs.

Einar Þorsteinn Ásgeirsson. Alþjóða hönnunarsamkeppni. Misawa Homs í Tókíó, teikningar af kúluhúsi, 1970.

Mappa A-14

Á henni stendur: *ECO gamalt og QK samkeppni*. 1983-1992.

Sol í arkitekturen: Aktive solvarmeanlæg i det eksisterende byggeri, kategori B. Myndir og texti, án árs.

Líkan af kúluhúsinu í Vestmannaeyjum. Prentaðar myndir, 1983.

En ny by med mening i: Fremtiden ligger ved Hundested. Úrklippur úr blöðum, myndir og teikning, 1992.

Íslenskt vistþorp í Gunnarshólma. Teikningar, án árs.

Tjaldhús sem veðurhjúpur. Teikningar, ljósmyndir o.fl., 1990-1991.

Skráð í október 2013
GBS